



**Náms og kynnisferð til  
Danmerkur og  
Svíþjóðar 2005**

**Leikskólinn Seljakot**

## Náms og kynnisferð til Danmerkur og Svíþjóðar 4.– 8. maí 2005

Lengi höfðu kennarar við leikskólann talað um að gaman væri að fara út fyrir landsteinana til að kynna sér leikskóla. Á haustmánuðum 2004 var ákveðið að kennarar við leikskólann Seljakot færu í náms- og kynnisferð til Danmerkur. Undirbúningsfundir voru haldnir, þar sem við komum okkur saman um hvað við vildum sjá og kynna okkur. Valdir voru dagar að vori sem kæmu vel út fyrir leikskólann en einnig þannig að við fengjum sem flesta daga til ferðarinnar. Notaðir voru námskeiðs- og skipulagsdagar leikskólans og það kynnt fyrir foreldrum. Sótt var um leyfi til fararinnar hjá reksraraðila og styrki bæði hjá reksraraðila og stéttarfélögum. Ekki höfðu allir tök á að sækja penniga í sjóði svo hafist var handa við fjáröflun.



Þar sem leikskólinn okkar horfir til Reggio Emilia á Ítalíu kom strax fram vilji til að skoða sambærilega skóla en einnig vorum við jákvæðar fyrir því að skoða eitthvað allt annað.

Fljótlega var okkur bent á íslenskan leikskólakennara í Kaupmannahöfn sem var tilbúinn að greiða götur okkar. Hún var ekki lengi að finna út fyrir okkur það sem við vildum sjá. Hún þekkir vel til leikskóla í Kaupmannahöfn og gat valið út fyrir okkur góða skóla sem voru tilbúnir að taka á móti okkur. En ekki gekk þetta nú allt þrautarlaust. Þegar nær dró, kom í ljós að flestir leikskólar í Kaupmannahöfn og reyndar í allri Danmörku eru með takmarkaða þjónustu eða lokaðir þessa daga sem við höfðum ráðgert til fararinnar. Leikskólar í Danmörku eru með lokað hjá sér tíu daga ári, þeir ráða sjálfir hvenær þeir nota

Þessa daga, flestir nota þá til að lengja hjá sér frí, t.d. helgar og í kringum rauða daga. Nú voru góð ráð dýr, skammur fyrirvari og engin leið að breyta neinu. Búið var að fjármagna ferðina og allir komnir í ferðaskapið. Íslenski leikskólakennarinn í Kaupmannahöfn dó ekki ráðalaus, fann fyrir okkur Reggio leikskóla í Malmö í Svíþjóð ásamt verk- og listasmiðju sem var tilbúin að taka á móti okkur. Þegar upp var staðið þá var dagskrá ferðarinnar orðin meira spennandi en upphaflega var ráðgert. Við fengum tækifæri á að kynna okkur leikskólastarf í tveimur löndum auk þess að fara á námskeið í listasmiðjunni, Drömmarnas Hus. Íslenski leikskólakennarinn í Kaupmannahöfn ætlaði að vera svo væn að taka á móti okkur í sínum leikskóla, Kongerosen, þrátt fyrir skerta þjónustu þessa daga.

Loksins lá dagskrá ferðarinnar endanleg fyrir, hún hafði tekið miklum breytingum. Það var því glaður hópur kennara sem lagði af stað með Iceland Express til Kaupmannahafnar. Flugferðin gekk vel og vorum við snöggar að koma okkur af flugvellingum á First Hotel við Vesterbrogade. Þaðan var strax lagt af stað í leikskólann Kongerosen við Valdemarsgade á Vesterbro.

## Kongerosen

Leikskólinn Kongerosen er við Valdermarsgade í Vesterbro hverfinu í Kaupmannahöfn. Hann er svokallaður borgar og skógarleikskóli. Í Kongerosen starfar íslenski leikskólakennarinn, Adda Rún sem var búin að veita okkur alveg ómetanlega hjálp. Adda Rún tók á móti okkur ásamt leikskólastjóranum. Við leikskólann starfa 15 starfsmenn og er hann starfsræktur í gömlu þriggja hæða íbúðarhúsi. Hann er einkarekinn en fær styrki frá bæjarfélaginu. Stjórnandi skólans ræður hvernig hann deilir fjármagninu. Leikskólinn er opinn frá kl. 7.00 – 17.00 og dvelja þar sextíu og sex börn yfir daginn á aldrinum þriggja til sex ára. Opið er allt árið og foreldrum er ekki skilt að taka börnin í sumarfrí. Við hliðina á Kongerosen er foreldrarekinn grunnskóli. Hann var stofnaður af foreldrum sem höfðu verið með börnin sín í leikskólanum og starfsfólki leikskólans. Mikil og góð samvinna er á milli skólanna tveggja, t.d. sameiginlega notkun á íþróttasal grunnskólans og útileikskvæði. Flest börnin úr Kongerosen fara í þennan grunnskóla.



Börnunum er skipt upp í þrjá aldursblandaða hópa sem heita Loven, Örn og Isbjörn. Skógarleikskólinn, sem í daglegu tali er kallaður Godset, liggur nokkra kílómetra fyrir utan Ballerup, sem er úthverfi Kaupmannahafnar. Hóparnir þrír skiptast á að fara þangað, viku í senn. Þar er lögð áhersla á náttúruna og mikla útvist. Í júlímánuði eru öll börnin í Godset þ.e. þau sem ekki eru í sumarfrí.

Hvern dag kl. 9.15. leggur rúta af stað með börnin og kemur til baka kl. 15.30. Í skóginum er hús sem skiptist í stofu, eldhús og stóran listaskála. Starfið byggir mikið á útivist, mikið er um tré og hafa börnin gert sér hús bæði upp í trjánnum og niður á jörðu. Börnin eru með grænmetisgarð og mikið er af ávaxtatrjám. Fjórar geitur eru í Gotset sem börnin sjá um að hirða en um helgar er það nágranni sem hleypur undir bagga. Jafn sumar sem vetur er kveiktur varðeldur og grillaðar pylsur og bakað brauð á teini. Fyrir okkur sem ekki þekkja til svona starfsemi er þetta heill ævintýraheimur.



Morgunmatur er milli kl. sjö og níu og borða foreldrar, börn og starfsfólk þá gjarnan saman. Börnin koma með mat að heiman en leikskólinn leggur til nýbakaðar bollur eða rúgbrauð ef einhver er ekki með nóg nesti eða nestið að heiman klárast. Við

baksturinn er eingöngu notað lífrænt ræktað korn. Það vakti athygli okkar, kennara frá Íslandi, að börnin ráða sjálf hvenær þau borða, en kl. tvö setjast allir niður og þá er farið yfir hvað börnin eru búin að borða. Þetta fyrirkomulag byggja Danirnir á rannsóknum sem sýna að blóðsykrinum er haldið í jafnvægi ef börnin fá að ráða hvenær þau borða og þegar þau eru svöng. Eldhús leikskólans er staðsett á fyrstu hæð og geta börnin farið þangað og fengið sér í svanginn hvenær sem er. Þegar okkur bar að garði sátu þar þrjú börn og kennari og drukku te og borðuðu nýbakað rúgbrauð. Starfsaðstaða barnanna er aðalega á fyrstu tveimur hæðunum. Á þriðju hæðinni er vinnuástaða starfsmanna og herbergi með sviði, þar sem börnin setja upp leikksýningar. Nýlega höfðu þau sett upp brúðuleikssýningu eftir sögu H.C.Andersen.

Stigagangurinn sem gengur í gegnum allt húsið er mjög sérstakur, hann er allur málaður eins og listaverk. Neðst niðri er hafið og lífríki hafsins, á annari



hæð er jörðin og dýrin sem lifa þar og á efstu hæðinni var himingeimurinn.

Börn og starfsfólk í Kongerosen eru með dýrahald. Þar eru skjaldbökur, kanínur og hænsni.

Áhersluþættir í öllu starfi í Kongerosen er skapandi starf, hreyfing og náttúran. Aðstaðan í þessu gamla íbúðarhúsi er nokkuð góð þó að ekki hafi borið á miklum íburði, mikið af litlum lokuðum rýmum, stórt herbergi til listsköpunar, annað fyrir hlutverkaleikinn og ágætist herbergi til hreyfileikja. Mikið frelsi ríkti í leikskólanum og lítið um skipulag. Kennarar virtust ræða um skipulag dagsins jafnóðum eða með tilliti til áhuga barnanna hvern dag. Til að mynda var algjört frelsi í salnum, þar máttu þau vera á eigin forsendum og eigin vegum ef svo bar undir. Það eru þrír til fimm starfsmenn með hvern hóp og fer hver hópur einu sinni í viku í leikfimissalinn í skipulagða hreyfistund.

Unnið er með þema, eitt til tvö á ári þar sem mikið er unnið með mál og málnotkun, sögur og sögugerð. Lögð er áhersla á leikræna tjáningu, börnin búa til brúður og setja upp sýningar. Kennarar skólans vinna að ársáætlunum og skólanámskrám en foreldrar geta vel haft áhrif þar á. Foreldraviðtöl eru eftir þörfum en einn foreldrafundur er á ári. Stjórn skólans skipa þrír foreldrar og tveir kennarar leikskólans. Leikskólagjöldin eru tekjutengd, gjaldið er nítjánhundruð krónur á mánuði, sem er einn þriðji af því sem kostar að hafa barn í leikskóla en einstæðir foreldrar og námsmenn fá frítt leikskólapláss.

Aðsóknin í Kongerosen er mjög mikil og eru hundrað og fimmtíu börn á biðlista hverju sinni. Til að koma á mótis við þennan mikila fjölda voru tekin inn sex aukabörn í skiptum fyrir níu manna rútu til eins árs sem bæjarfélagið lagði til, þetta voru starfsmenn ánægðir með og nota rútna mikið. Eins og

aðrir leikskólar í Kaupmannahöfn þá hefur Kongerosen aðgang að sérfræðipjónustu fyrir börnin. Leikskólinn fær aukafjármagn til að sinna börnum með sérþarfir.

Í Danmörku er ekki skólaskylda fyrr en börnin eru sjö ára en þeim gefst kostur á að byrja sex ára í svokölluðum “börnehaveklasse”, foreldrar tvö prósent barna kjósa að hafa börnin áfram í leikskóla.

Starfsfólkið á fimm til sex vikur í sumarleyfi og laun nýútskrifaða leikskólakennara eru nítjánþúsund og níuhundruð d.kr. á mánuði. Leikskólakennarar fá ekki undirbúningstíma. Það koma kennaranemar á sex mánaða fresti og vinna um þrjátíu tíma á viku og laun þeirra eru fimm til sex hundruð d.kr. á mánuði. Venjuleg vinnuvika er þrjátíu og sjö tímar.

Það var gaman fyrir okkur kennarana frá Íslandi að upplifa og sjá hvernig unnið er í Kongerosen, við máttum margt af því læra. Börnin voru róleg og afslöppuð, kipptu sér lítið upp við þessa heimsókn og héldu bara áfram að læra og leika þó hópur kennara frá Íslandi færi um. Andsrúmsloftið var líka einstaklega rólegt og afslappað, ekkert var lagt upp úr íburði, hvorki varðandi húsbúnað eða leikföng, allstaðar úti og inni sáum við að nýtingin var í fyrirrúmi.

## Á slóðum Íslendinga



Fimmtudaginn 5. maí, uppstigningadagur, var ferðinni heitið á Íslendingaslóðir í Kaupmannahöfn undir leiðsögn Guðlaugs Arasonar rithöfundar.

Við hittum Guðlaug á Ráðhústorginu og gekk hann með okkur um götur sem Íslendingar höfðu starfað og dvalið á. Hann fræddi okkur um brunann mikla í Kaupmannahöfn þar sem okkar ástkæru handrit Árna Magnússonar brunnu en einhverju var bjargað. Þetta var mjög skemmtilegur og fræðandi fyrirlestur/skoðunarferð.



### Rönnens förskola

Föstudaginn 6. maí var lögðum við af stað til Svíþjóðar, nánar tiltekið til Malmö í heimsókn á Rönns forskola. Við tókum lest frá Kaupmannahöfn og ferðin tók aðeins 40 mín.

Rönns forskola er hluti af stærra skólaumhverfi. Innan skólasamfélagsins Rönnelund eru kennararnir með sameiginleg sýn á barnið frá 0 – 16. ára. Öll börn fá tækifæri til að læra eins mikið og þau möguleika geta.

Til að fylgja hverju barni eftir er þroski og nám þess skráð í ferilskrá og er hvert barn er með sína námskrá.



Leikskólastjórinn Ulla Sundin er stórnandi leikskólans og 1. bekk grunnskólans. Hún tók á móti okkur með með heimabökuðum bollum og kaffi. Í leikskólanum og í fyrsta bekk grunnskólans er unnið í anda Reggio Emilia stefnunar. Leikskólinn samanstendur af sjö aldurshreinum deildum og bera þær nöfn dverganna sjö. Þegar börnin flytja á milli deilda flytja kennararnir með þeim. Leikskólinn þjónar allri Malmö og á að koma til móts við foreldra í vaktavinnu. Börnin geta dvalið í leikskólanum allt að tíu til tólf tíma á dag, en eru í frí þegar foreldrar þeirra eiga frí. Börnin geta dvalið allt

árið um kring í leikskólanum án þess að taka sér frí. Það kom fram í kynningu Ullu að þessu leikskóli væri fyrst og fremst þjónusta við foreldra og þeirra þarfir. Opnunartími leikskólans er frá kl. 6.45 – 20.45, alla daga ársins, jól og páskar eru þar engin undantekning.

Í leikskólanum dvelja hundrað og áttatíu börn, að meðaltali eru áttatíu börn samtímis. Biðlistinn er langur og eru hundrað og fimmtíu börn á biðlista.



Yfirvöld lofa foreldrum plássi innan fjögura mánaða en ekki hefur verið hægt að verða við því. Börnin geta byrjað eins árs í leikskólanum. Dvalargjöldin eru tekjutengd, foreldrar borga tólf hundruð og átta tíu sænskar krónur á mánuði en námsmenn og einstæðir foreldrar borga ekkert. Flest börnin í leikskólanum eru af erlendu bergi brotin, börn einstæðra foreldra og foreldra sem vinna vaktavinnu. Mikil áhersla er lögð á að börnin læri sitt móðurmál en í leikskólanum er lögð áhersla á annað tungumálið, þ.e. sænskuna. Ulla lagði



áherslu á að börn og foreldrar af erlendu bergi ættu að vera stolt af upprunna sínum og unnið væri markvist með þann þátt. Kennarar leikskólans hafa fengið góð meðmæli frá foreldrum fyrir hversu dugleg börnin eru að læra sænsku.

Tuttugu og sjö starfsmenn starfa við skólann og tvö stöðugildi eru í eldhúsi. Hátt hlutfall kennara skólans er fagmenntað og er það undir þeim komið hvaða menntun börnin fá. Á hverri deild starfa tveir leikskólakennarar og einn leikskólaliði. Þrettán til sextán börn eru á hverri deild.

## Áhersluþættir í uppeldis – og kennslu þáttum leikskólans

Áhersluþættir í starfinu eru **öryggi, tungumál, heilsa/hollusta og fjölmennning**

Með þessa fjóra áhersluþætti vinna allir kennarar í Rönnelund skólaumhverfinu í starfi með börnum og unglingum. Umhverfið á að vera skemmtilegt, öruggt og lærdómsríkt fyrir öll börnin.



Börnin fá góðan tíma fyrir leik og skapandi starf í friði og ró, börnunum er jafnan skipti upp í minni hópa eftir aldri og skipulagi starfsins. Þannig er reynt að byggja upp öryggi og sjálfsmýnd barnsins.

Unnið er markvisst að þróun tungumálsins. Börnin eru þátttakendur í hópnum þar sem lögð er áhersla á samtöl, framsögn, söng og hreyfileiki.

Börnin fá góðan og næringaríkan mat. Lögð er áhersla á útivist og vettvangsferðir. Á hverjum degi fá því börnin góða hreyfingu. Útileikskvæðið er gott og fjölbreytt og í nágenninu eru mörg opin græn svæði. Að auki fá börnin skipulagðar hreyfistundir í leikfimisal leikskólans.

Haldið er í sænskar hefðir og menningu, en tekið er tillit til mismunandi menningar og börnin kynnast því hátíðum og hefðum frá ýmsum þjóðernum.

Allur aðbúnaður í Rönnesforskola var til fyrirmyndar, húsnaðið stórt og rúmgott, stór leikfimisalur og



starfsmannaðstaða sem maður vildi gjarnan sjá í íslenskum leikskólum.

## Drömmarnas Hus

Þess má geta að aldrei komumst við í Drömmarnas Hus. Þegar við vorum í Rönnesforskola þá var hringt frá Drömmarnas Hus og okkur tilkynnt að ekki væri hægt að taka á móti okkur, brotist hafði verið inn og miklar skemmdir unnar. Starfsmenn sáu sér ekki fært að taka á móti okkur, það bíður því betri tíma. Þó langar okkur sem skrifa þessa skýrslu að segja aðeins frá þessari listasmiðju, ef það kæmi að einhverjum að notum.

Drömmarnas Hus er listasmiðja fyrir börn og unglinga. Við skólann starfa uppeldismenntaðir kennarar í ýmsum listgreinum. Boðið er upp á námskeið í tugatali s.s. leiklist, tónlist, dans, afrískar trommur og margt fleirra. Námskeiðin eru óþrjótandi og ekkert námskeið eins því mikil áhersla er lögð á að virkja áhugahvöt einstaklinganna, að þeir öðlist trú á sjálfan sig og



uppskeri ánægju og gleði. Allir eru velkomnir og eru námskeiðin ókeypis. Kennarar í Malmö geta einnig komið með nemendur sína og unnið í listasmiðjunni undir stjórn uppeldismenntaðra listgreinakennara og upplifað dag sem er engum líkur.

Það hefur verið vinsælt hjá kennurum í Svíðþóð, Noregi og Danmörku að sækja námskeið við Drömmarnas Hus. Þeir

hafa komið til að sækja kraft og nýjar hugmyndir, finna nýjar leiðir og vinna að ólíkum hugmyndum. Markmiðið er það sama með kennaranámskeiðunum og með börnunum, þ.e að finna hvað býr innra með hverjum og einum og finna gleðina og ánægjuna í skapandi vinnuferli. Kennaranámkeiðin eru ekki ókeypis.

Þrátt fyrir ýmsar óvæntar uppákomur við undirbúning ferðarinnar og í ferðinni sjálfri þá vorum við reynslunni ríkari. Við höfðum bæði gagn og gaman af.

Þó tilgangur ferðarinnar hafi verið að upplifa og kynnast því sem verið er að gera annarstaðar þá er það ekki síður mikilvægt að hópurinn geti verið saman og gert sér glaðan dag. Kennarar í Seljakoti gátu svo sannarlega gert það. Við kynntumst leikskólastarfi erlendis, skeggræddum það sem við upplifðum og bárum saman við það sem við þekkjum frá okkar heimkynnum. Við fórum út að borða og í Tívolí. Farið var á Íslendingaslóðir sem var fræðslu- og menningarferð sem við hefðum ekki viljað missa af og einnig gafst tími til að ganga Strikið góða.

Margrét Á. Hallsdóttir  
Ólöf Svava Guðmundsdóttir  
Sigríður Kristín Jónsdóttir